# Við stöndum vaktina

## Fyrir börn á Íslandi
## og í yfir 120 öðrum löndum

Barnaheill

Margrét Júlía Rafnsdóttir

# Save the Children International



- Barnaskólakennarinn Eglantyne Jebb stofnaði samtökin í Bretlandi árið 1919
- Skrifaði fyrstu tillögu að sáttmála um mannréttindi barna árið 1921 sem síðar þróaðist í barnasáttmála Sameinuðu þjóðanna
- Barnasáttmálinn er leiðarljós samtakanna
- Ein elstu frjálsu félagasamtök í heimi og þau stærstu sem vinna að réttindum barna – um 25.000 starfsmenn
- 30 lönd meðlimir – starfa í 120 löndum. Bæði innanlandsverkefni og þróunarsamvinna / mannúðar- og neyðaraðstoð
- Snerta líf í hátt í 180 milljón barna á ári, þ.a. beinn stuðningur við um 60 milljónir barna



Barnaheill

# Barnaheill – Save the Children á Íslandi

- Barnaheill voru stofnuð á Íslandi árið 1989
- Frjáls félagasamtök sem vinna að mannréttindum barna
- Fagfólk á BUGL hafði frumkvæði að stofnun samtakanna
- Fyrsti stofnfélaginn og verndari samtakanna er Vigdís Finnbogadóttir
- Hún átti hugmyndina að nafninu Barnaheill



Barnaheill

# Barnaheill – Save the Children á Íslandi

- Áhersla á starf innan lands frá upphafi
- Erlent starf frá 2006
- Tólf starfsmenn og tíu manna stjórn (sjálfboðastarf)
- Byggja allt starf á frjálsum framlögum og styrkjum
  - Heillavinir- fjármagna stóran hluta starfsins.
  - Styrkir
  - Frjáls framlög skipta sköpum





Barnaheill

# Innlent starf

**Málsvarahlutverk og réttindabarátta**

Barnaheill sinna málsvarahlutverki sínu  með því að skrifa umsagnir um lagafrumvörp, með greinarskrifum, ályktunum, áskorunum o.s.frv.

Átaksverkefni – dæmi:

- Heimilisofbeldi
- Tannvernd
- Gjaldfrjáls grunnmenntun
- Fátækt barna í samstarfi við Evrópuhóp Save the Children
- Geðheilbrigðismál, börn sem passa ekki í kassann

Einnig sinnum við:

- Ráðgjöf vegna t.d. forsjár- eða umgengismála og kynferðisofbeldis
- Fræðslustarfi um mannréttindi barna













Barnaheill












Ýmsir samstarfshópar:
Velferðarvakt,
Sjálfbærniráð…


Ráðgjöf

Einn þáttur í starfi Barnaheilla – Save the Children á Íslandi er ráðgjöf þar sem hægt er að leita upplýsinga um réttindi barna og fá ráðgjöf um hvernig bregðast megi best við ýmsum aðstæðum sem varða börn. Allmargir leita til samtakanna og eru flestar fyrirspurnir um lögfræðileg álitaefni eða um ráðgjöf varðandi viðbrögð vegna ofbeldis gegn börnum. Málin eru af ýmsum toga; forsjármál, umgengnismál, eineltismál, grunur um ofbeldi gegn börnum og réttindamál ýmiss konar.

Sími samtakanna er 553 5900 en einnig má senda fyrirspurnir á radgjof@barnaheill.is.

Farið er með allar fyrirspurnir sem trúnaðarmál.

UNGHEILL
Ungmennaráð Barnaheilla




VERNDARAR BARNA

NÁUM ÁTTUM

DAGUR MANNRÉTTINDA BARNA










SAMAN




Barnaheill

# Innlent starf




## Vernd barna gegn hvers kyns ofbeldi

- **Forvarnarfræðsla**
  - **Vinátta –** forvarnaverkefni gegn einelti fyrir 0 – 9 ára börn. Efni um samskipti og félagsfærni.
    - notað í 65% íslenskra leikskóla og 25% grunnskóla.
    - Námsefni og námskeið fyrir starfsfolk skóla
  - **Verndarar Barna**
  - Forvarnafræðsla: Koma í veg fyrir ofbeldið „**áður**“ en það gerist.
  - Fræðsla til barna sem gefur þeim tækifæri til að segja frá ofbeldi hafi þau upplifað það.
  - Fræðsla til fullorðinna.
  - Aðstoð fyrir aðstandendur, þolendur og gerendur
  - Aðstoð til stofnana og starfsfólk sem starfar með börnum
    - Símtöl | fundir | ráðgjöf
  - **Skoh!**
    - Tilraunaverkefni sem sameinar tvö stærstu forvarnaverkefni samtakanna, Vináttu og Verndara barna.
      - Megináhersla á einelti og kynferðisofbeldi.
    - Börn á aldrinum 10 – 18 ára.



Barnaheill

VERNDARAR BARNA
*BLÁTT ÁFRAM*




**Ábendingalína** á neti í samvinnu við Ríkislögreglustjóra og SAFT á [www.barnaheill.is](http://www.barnaheill.is)




Barnaheill

# Innlent starf- útgefi efni

- Barnaheill hafa gefið út ýmisskonar efni
- Leyndarmálið – teiknimynd ásamt stoðefni
- Þetta er líkaminn minn
- Einkastaðir líkamans
- Vináttu fræðsluefni
- Barnasáttmálinn









Barnaheill

# Erlent starf Barnaheilla

- Þróunar- og neyðaraðstoð er ein af meginstoðum alþjóðlegs starfs Barnaheilla
  - Erlend verkefni Barnaheilla frá árinu 2007 – erlend deild sett á fót árið 2019

- **Neyðaraðstoð Barnaheilla felst meðal annars í:**
  - að útvega flóttamönnum lífsnauðsynjar á borð við mat, vatn, lyf og önnur neyðargögn
  - að útvega börnum í flóttamannabúðum nauðsynleg námsgögn
  - að koma á fót öruggum náms- og leiksvæðum fyrir börn
  - að koma á sálfræðilegum stuðningi við börn og fjölskyldur þeirra í flóttamannabúðum
  - Styðja við börn og fjölskyldur þeirra sem hafa orðið fyrir áhrifum náttúruhamfara

  - Barnaheill veita neyðaraðstoð í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó





- **Þróunaraðstoð Barnaheilla**
  - Barnaheill veita þróunaraðstoð í Síerra Leóne og Líberíu

Barnaheill

# Lýðstjórnarlýðveldið Kongó

- Verkefni í **Suður – Kívu** í Lýðstjórnarlýðveldinu Kongó haustið 2020
- Götubarnaverkefni 2022
- Verkefnið miðar að því að vernda börn gegn ofbeldi, misnotkun, útskúfun og vanrækslu, auk þess að vernda börn fyrir því að vera neydd til að ganga til liðs við vígahópa og styðja við þau börn sem hafa þegar verið neydd til þess.
- Tilgangur barnvænna svæða er að skapa umhverfi þar sem börn geta komið saman til að leika sér, læra og fræðast á öruggu svæði. Í þessum rýmum er lögð áhersla á valdeflingu barna og er þeim kennt hvert skuli leita þegar þau þurfa á aðstoð að halda. Allt starfsfólk sem vinnur að verkefni Barnaheilla í Suður-Kivu er þjálfað í að þekkja og bregðast við ofbeldi, með áherslu á kynferðisofbeldi.







Barnaheill

Margrét Júlía Rafnsdóttir

# Síerra Leóne og Líbería

- Þróunaraðstoð í Síerra Leóne og Líberíu hófst haustið 2021

- Bæði verkefnin snúa að vernd barna gegn ofbeldi – með áherslu á kynbundið / kynferðislegt ofbeldi.

- Mikil þörf á fræðslu um ofbeldi.
  - „Ég vissi ekki að nauðgun væri glæpur“
  - 13% stúlkna ganga í hjóanaband fyrir 15 ára og 40% fyrir 18 ára
  - 64% kvenna verða fyrir heimilisofbeldi af hendi maka
  - 84% kvenna eru umskorin






Barnaheill

# Fjáraflanir






















# Nánari upplýsingar

www.barnaheill.is

kolbrun@barnaheill.is



Barnaheill

Margrét Júlía Rafnsdóttir

# Takk fyrir!

Barnaheill

Barnaheill